

FRUMKVÆÐISSJÓÐUR RAUFARHAFNAR OG FRAMTÍÐARINNAR II

2026



Raufarhöfn
og framtíðin



BYGGÐASTOFNUN



Norðurþing

UM RAUFARHÖFN & FRAMTÍÐINA II



Raufarhöfn var fyrsta byggðarlagið sem tók þátt í verkefninu Brothættar byggðir og hófst sú vegferð árið 2012. Fyrsti íbúafundur var haldinn í október 2012 og svo íbúafundur í upphafi árs 2013 og var verkefninu þá gefið nafnið „Raufarhöfn og framtíðin“. Þátttaka á íbúafundum á Raufarhöfn var mjög góð, t.d. tók ríflega þriðjungur íbúa þátt í íbúafundinu í upphafi verkefnis. Verkefninu lauk formlega í lok árs 2017 en síðan þá hafa SSNE og Norðurþing verið með atvinnu- og samfélagsfulltrúa starfandi á staðnum. Það starf snýr að því að vinna áfram að hugmyndum og verkefnum sem urðu til í ferlinu.

Meginmarkmið verkefnisins eru:

- Sérstæður áfangastaður
- Traustir grunnatvinnuvegir
- Blómstrandi menntun
- Öflugir innviðir

Árið 2025 valdi Byggðastofnun verkefnið „Raufarhöfn og framtíðin“ (ROF) og „Öxarfjörður í sókn“ (ÖÍS) til að taka þátt í nýju tilraunaverkefni til þriggja ára, sem má líta á sem nokkurskonar framhald af verkefninu Brothættar byggðir. Auglýst var eftir styrkumsóknum í tilraunabyggðapróunarverkefnið „Raufarhöfn og framtíðin II“ í apríl 2025 og úthlutað í júní sama ár. Alls var sótt um 23.098.769 kr en til úthlutunar voru 11.000.000 kr.

Í annarri úthlutun verkefnisins árið 2026 varð umtalsverð aukning í fjölda umsókna.

Alls bárust sautján umsóknir um styrki í frumkvæðissjóð „Raufarhafnar og framtíðinnar II“ áður en umsóknarfrestur rann út þann 16. febrúar 2026.

Samtals var sótt um 24.994.117 kr, á meðan til ráðstöfunar voru 11.500.000 kr.

Þessi mikli munur á milli ára endurspeglar sterkan áhuga á verkefninu, aukna vitund um það og vaxandi trú umsækjenda á því sem vettvangi fyrir uppbyggingu og þróun á svæðinu. Þessa fjölgun umsókna og aukna fjárhæð sem sótt er um má einnig túlka sem skýrt jákvætt merki um virkni, frumkvæði og fjölbreytni verkefnahugmynda innan ROF II.

Á sama tíma kallar þessi mikli áhugi á skýra forgangsroðun fjármuna og vandað mat umsókna í samræmi við fyrirliggjandi viðmið og stigagjöf í umsóknarferlinu.

Áætlað er að þriðja og síðasta úthlutun fari fram í mars 2027 en í lok þess árs lýkur tilraunaverkefninu formlega.

VERKEFNISSTJÓRN VERKEFNANNA ROF-II OG ÖÍS-II

Sameiginleg verkefnisstjórn er fyrir bæði verkefni BII; ROF II og ÖÍS II. Hlutverk verkefnisstjórnar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats, í takt við markmið verkefnanna sem og reglna og matsblaðs Brothættra byggða sem Byggðastofnun gefur út.

Verkefnisstjórn 2026 skipa:

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, fulltrúi Norðurþings og formaður verkefnisstjórnar
Olga Friðriksdóttir, fulltrúi íbúa Raufarhafnar
Ólafur Gísli Agnarsson, fulltrúi íbúa Raufarhafnar
Charlotta V. Englund, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs
Thomas Helmig, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs
Hildur Halldórsdóttir, fulltrúi SSNE
Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar
Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar

Verkefnisstjóri á Raufarhöfn er Nanna Steina Höskuldsdóttir



Viðmiðunarpættir við mat á umsóknum eru:

- Að verkefnið falli vel að skilaboðum íbúapings og stefnumótun verkefnisins
- Að útkoma nýtist sem flestum íbúum á Raufarhöfn og Melrakkaslétu
- Að verkefnið trufli ekki samkeppni á þjónustusvæði
- Að verkefnið leiði til atvinnusköpunar, helst á heilsársgrundvelli
- Að verkefnið sé líklegt til árangurs og þekking og/eða reynsla sé til staðar
- Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar
- Að áhrifa gæti fyrst og fremst í samfélaginu á Raufarhöfn
- Að verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu
- Að styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnis

STYRKHAFAR FRUMKVÆÐISSJÓÐS RAUFARHAFNAR & FRAMTÍÐARINNAR II 2026

ROF-2026-01 - SÝNILEIKI VARMAVERS

UMSÆKJANDI: Varmaver

UPPHÆÐ STYRKS: 450.000 kr.

Markmið verkefnisins er að auka sýnileika þjónustuframboðs Varmavers og þeirrar nýsköpunar sem þar fer fram, bæta stafrænt heimilisfang og leit á miðlum, efla markaðssókn og styrkja stöðu fyrirtækisins á Raufarhöfn. Afraksturinn verður fullbúin heimasíða og betri upplýsingagjöf til viðskiptavina.

ROF-2026-02 - BÆKLINGUR OG MERKINGAR

UMSÆKJANDI: Heimskautsgerðið

UPPHÆÐ STYRKS: 850.000 kr.

Markmið verkefnisins er að efla kynningu, upplýsingagjöf og þjónustu við gesti í Heimskautsgerðinu á Raufarhöfn með faglegu markaðsefni og skýrri aðkomu á staðnum. Verkefnið felur í sér gerð bæklings, prentun og dreifingu hans, auk nýrra upplýsingaskilta við gatnamót og bílastæði. Aukinn sýnileiki, betra upplýsingaflæði og skýrari móttökuupplifun gesta sem leiðir til meiri ánægju og betri dreifingu ferðamanna innan svæðisins. Verkefnið styður jafnframt við að byggja upp sérstöðu Raufarhafnar sem áfangastaðar sem tengist menningu, náttúru og Heimskautsgerðinu sjálfu.

ROF-2026-03 VEÐURHLÍFAR- VINNUAÐSTAÐA

UMSÆKJANDI: HRÓLFUR BJÖRNSSON

UPPHÆÐ STYRKS: 1.200.000 kr.

Markmið verkefnisins er að útbúa aðstöðu til framleiðslu á veðurhlífum fyrir varmadælur. Áætlað er að kaupa 40 feta einangraðan gám og útbúa þar aðstöðu til framleiðslu hlífanna en þetta er sóðaleg vinna sem verður að vera í vel loftræstu rými. Verkefnið er annar fasi þessa verkefnis sem felst í þróun og smíði veðurhlífa úr trefjaplasi fyrir varmadælur, með það að markmiði að koma vörunni á almennan markað. Framleiðslan mun fara fram á Raufarhöfn í samstarfi við starfandi fyrirtæki á staðnum. Verkefnið byggir á staðbundinni þekkingu og aðstöðu og felur í sér nýsköpun í atvinnurekstri sem getur styrkt efnahagslíf svæðisins og aukið fjölbreytni í atvinnulífi.

ROF-2026-04 - BÆTT AÐGENGI, SÝNILEIKI & FAGLEG UMGJÖRÐ LÝSISTANKANNA Á

UMSÆKJANDI: Gjóla ehf.

UPPHÆÐ STYRKS: 450.000 kr.

Markmið verkefnisins er að efla aðgengi, sýnileika og faglega umgjörð starfsemi Lýsistankanna á Raufarhöfn með því að útbúa og setja upp skilti og vandaðar merkingar. Reynslan frá síðasta sumri sýndi skýrt að skortur á auðskiljanlegum og sýnilegum merkjum torveldaði gestum að rata og dró úr möguleikum á aukinni aðsókn. Aðgerðir verkefnisins munu styrkja ímynd Lýsistankanna sem menningar- og viðburðastaðar og stuðla að áframhaldandi vexti heimsóknna.

ROF-2026-05 - GOTT AÐ ELDAST Í BROTHÆTTRI BYGGÐ

UMSÆKJANDI: Félag eldri borgara Raufarhöfn
UPPHÆÐ STYRKS: 600.000 kr.

Markmið verkefnis er að koma eldri borgurum Raufarhafnar betur inn í stafrænan heim sem oft fer framhjá þeim. Kaupa á stóran tölvuskjá, hljóðkerfi ásamt einfaldri tölvu og tölvuneti til að hafa möguleika á þátttöku á netfundum og einnig að horfa á kynningarefni. Slíkur búnaður er einnig hentugur til að aðstoða félagsmenn til að ráða fram úr notkun á Island.is sem og alls kyns öðrum rafrænum áskorunum.

ROF-2026-06 - HANNAÐ VIÐ HEIMSKAUTSBAUG

UMSÆKJANDI: Þóra Soffía Gylfadóttir
UPPHÆÐ STYRKS: 300.000 kr.

Markmið þessa hluta verkefnisins er að færa starfsemina á næsta stig með faglegri stafrænni markaðssetningu, vefsíðu með netverslun og sýnilegri kynningu á samfélagsmiðlum. Vörur (minjagripir og hönnunarvörur)sem unnar eru á Raufarhöfn, byggðar á staðbundnum efnivið og menningu, þar á meðal mynstri og hugmyndafræði Heimskautsgerðis. Er þetta framhald af sama verkefni sem fékk styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2025. Framleiðsla hefur þegar hafist í litlu umfangi og felst m.a. í silkiprentun og laserskurði.

Vefsíðan mun bera nafnið Gallerí 675 og verður notuð sem sölusíða á eigin framleiðslu, ásamt því að kynna starfsemina.

ROF-2026-07 - TÓNLISTARBINGÓ Á RAUFARHÖFN

UMSÆKJANDI: Tinna Stefánsdóttir
UPPHÆÐ STYRKS: 100.000 kr.

Markmið verkefnisins er að halda samfélagsefandi menningarviðburð í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn síðsumars 2026 þar sem tónlistarbingó verður haldið fyrir fullorðna íbúa og gesti. Verkefnið miðar að því að efla menningar- og félagslíf í byggðarlaginu, styrkja samstöðu og skapa jákvæða upplifun sem nýtist sem flestum íbúum. Vonast er til að gera þetta að árlegum viðburði sem festir sig í sessi í menningarlífi staðarins. Afrakstur verkefnisins verður vel heppnaður menningarviðburður sem styrkir samfélagsanda, eykur líf í félagsheimilinu og styður við jákvæða ímynd Raufarhafnar.

ROF-2026-08 - NORTHERN INSIGHTS - RESEARCH MOBILITY GRANTS FOR MELRAKKASLÉTTA

UMSÆKJANDI: Rannsóknastöðin Rif/Náttúrufræðistofnun
UPPHÆÐ STYRKS: 1.500.000 kr.

Markmið verkefnisins er að bjóða litla styrki til fræðafólks til að koma og starfa á Raufarhöfn og Melrakkaslétu. Um er að ræða nokkrar stuttar heimsóknir (hámark 6 dagar) þar sem valdir aðilar myndu vinna að verkefnum á staðnum, eiga samskipti við íbúa og almennt taka þátt í samfélaginu. Skilyrði eru að nýta þjónustu á staðnum og með styrknum getur fólk t.d. gist á gististöðum bæjarins og verslað í Gunnubúð eða öðrum matsölustöðum. Unnið verður á rannsóknarstofu Rifs og á Melrakkaslétu. Að lokinni vist mun hver þátttakandi halda opna kynningu á sínu verkefni og verður það auglýst á samfélagsmiðlum.

ROF-2026-09 - RHEL VERK VERKSTÆÐI

UMSÆKJANDI: Rhel verk ehf.

UPPHÆÐ STYRKS: 650.000 kr.

Markmið verkefnisins er að kaupa bílalyftu fyrir smur- og dekkjaverkstæði á Raufarhöfn, sem býður upp á faglega bílaþjónustu, þar á meðal smurningu, dekkjaskipti, bílaþrif og einfaldar bilanagreiningar. Verkefnið miðar að því að veita viðskiptavinum skjótan, hagkvæman og öruggan þjónustukost, með áherslu á gæði, snyrtimennsku og persónulega þjónustu.

ROF-2026-11 - HREINSUN Á ÆÐARDÚN

UMSÆKJANDI: Dalsá ehf.

UPPHÆÐ STYRKS: 2.000.000 kr.

Æðadúnssængur frá Harðbak á Melrakkaslétu verða nú framleiddar á Raufarhöfn undir vörumerkinu Arctic Circle Eiderdown. Auk þess stendur til að opna vinnustofu fyrir heimafólk og ferðamenn, kynna æðarrækt, æðardún og æðadúnssængur.

Markmið verkefnisins er að koma húsnæði í stand svo hægt sé að hefja framleiðslu. Um er að ræða annan áfanga í þessu verkefni. Fyrsti áfangi verkefnisins er kominn vel af stað og í nýja húsnæðið er komið flest sem þarf til framleiðslu á æðardúnssængum og koddum.

ROF-2026-12 - LÝÐSKÓLINN Á RAUFARHÖFN

UMSÆKJANDI: Markaðssetning Raufarhafnar

UPPHÆÐ STYRKS: 500.000 kr.

Verkefnið gengur út á að kanna möguleika á að stofna lýðskóla á Raufarhöfn. Til þess að það gangi þarf að vinna að því að koma á fót laga-, skipulags- og samfélagsramma fyrir lýðskóla á heimskautasvæði (Arctic Folk High School).

ROF-2026-13 - ARCTIC BIRDWATCHING ÁFANGI 2

UMSÆKJANDI: Ólafur Gísli Agnarsson

UPPHÆÐ STYRKS: 300.000 kr.

Hér er um er að ræða framhald af verkefni sem fékk styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2025. Heildarverkefnið snýst um að ljósmynda dýralíf á og við Melrakkaslétu með áherslu á fugla ásamt því að gera heimasíðu. Meginmarkmiðið að skipuleggja skoðunar- og ljósmyndaferðir til Raufarhafnar fyrir ferðafólk, áhuga- og atvinnuljósmyndara og fuglaáhugafólk almennt, innlent sem erlent.

ROF-2026-14 - LÝÐHEILSA Á RAUFARHÖFN

UMSÆKJANDI: UMF Austri

UPPHÆÐ STYRKS: 1.200.000 kr.

Markmið verkefnisins er að endurnýja og bæta aðstöðu til líkamsræktar í íþróttasalnum á Raufarhöfn með því að kaupa ný tæki í stað þeirra sem eru orðin gömul, ónýt eða órugg í notkun. Íþróttafélagið Austri stendur fyrir verkefninu sem á að efla heilsu íbúa, styrkja félagsleg tengsl og bæta innviði samfélagsins.

Afraksturinn verður fullbúinn og öruggur tækjasalur með nýjum styrktarþjálfunartækjum sem koma til með að nýtast samfélaginu næstu áratugi.

AF HVERJU ÁTT ÞÚ AÐ HEIMSÆKJA RAUFARHÖFN?

UMSÆKJANDI: Saltsalt ehf

UPPHÆÐ STYRKS: 1.400.000 kr.

Verkefnið er unnið með verkefninu „*Komdu á Kópasker*“ sem fékk styrk úr frumkvæðissjóði „*Öxarfjarðar í sókn II*“.

Markmið verkefnisins er að efla ímynd og sýnileika Raufarhafnar sem einstaks áfangastaðar með markvissri markaðssetningu á samfélagsmiðlum. Verkefnið felur í sér framleiðslu kynningarefnis um náttúru, sögu, menningu, fólk og nýsköpun á svæðinu, með það að markmiði að laða fleiri gesti til svæðisins, styrkja ferðapjónustu, fyrirtæki og auka stolt íbúa. Að loknu verkefni verður til samræmt kynningarefni, Facebook “*like*” síða, Instagram og TikTok, ásamt safni af ljósmyndum og myndböndum sem munu nýtast áfram í kynningu næstu ára. Kynningarherferðin skapar vettvang fyrir áframhaldandi samstarf heimamanna, þjónustuaðila og sveitarfélagsins um uppbyggingu staðarins.